

Fundargerð 46. fundar

Æskulýðs- og tómstundanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þjósárver
Fundardagur: 19. október 2020
Fundartími: 20:30 – 23:15
Fundarritari: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Fundarmenn: Davíð Ingi Baldursson, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Axel Páll Einarsson og Örvar Rafn Hlíðdal.

1. Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir félagsmiðstöðina Zone annars vegar og Æskulýðs- og tómstundanefnd hinsvegar. Umræður um hvernig innkaup eru lykluð hjá sveitarfélaginu. Lagt til að umsjónarmaður félagsmiðstöðvar fái yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsmiðstöðvarinnar í lok hvers mánaðar.
2. Umræður um notkun og skipulag á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar í Þjósárveri. Æskulýðs- og tómstundanefnd óskar eftir fundi með sveitarstjóra og oddvita þar sem farið verður yfir skilgreiningar um þessi mál og fyrirhugaðar framkvæmdir og viðhaldsvinnu.
3. Félagsmiðstöðin Zone og Flóaskóli sameinuðu krafta sínu og fóru saman í tveggja daga ferð með nemendum í 9. og 10. bekk Flóaskóla í Þórsmörk í haust. Ferðin var mjög vel heppnuð. Opín hús hjá félagsmiðstöðinni eru komin á fullt og eru mjög vel sótt. Boðið er upp á rútuferðir á opnu húsin að vanda. Örvar Rafn Hlíðdal og Kristín Lilja Sigurjónsdóttir eru starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar.
4. Ungmennaráð er búið að funda einu sinni í haust. Formannaskipti eru framundan og er verið að vinna í að klára þau.
5. Rætt um verkefni framundan í félagsmiðstöðinni. Ljóst er að töluverð vinna er framundan vegna viðhalds og endurbóta þar. Lítið hefur verið gert í aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar í Þjósárveri undanfarin ár og kominn tími til að taka hana í gegn. Aðstaða félagsmiðstöðvarinnar í Þjósárveri skoðuð í lok fundar.

Davíð Ingi Baldursson

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Axel Páll Einarsson

Örvar Rafn Hlíðdal

Æskulýðs- og tómstundanefnd Flóahrepps - Fjárhagsáætlun vegna ársins 2021

Vegna fjárhagsáætlunar Félagsmiðstöðvar.

Æskulýðs- og tómstundanefnd Flóahrepps leggur til að fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2021 verði óbreytt frá árinu 2020, að tveimur lyklum undanskildnum.

Óskað er eftir að lykill 2896 – Viðhaldsvörur tækja og áhalda, verði hækkaður í 500.000 kr

Rökstuðningur: Framundan er töluverð viðhaldsvinna á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar í Þjósárveri. Leggja þarf gólfefni, bæta hljóðvist og endurnýja húsgögn.

Óskað er eftir að lykill 2990 – Önnur vörukaup verði hækkaður í 300.000 kr

Rökstuðningur: Áætlunarkostnaður á vörum sem félagsmiðstöðin telur mikilvægt að fjárfesta í, þ.á.m. leikjatölva.

Davíð Ingi Baldursson

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Axel Páll Einarsson